



Alþýðusamband Íslands

BYGGJUM RÉttlÁTT  
ÞJÓDFÉLAG

## Umsögn miðstjórnar ASÍ um tillögur Verkalýðsfélags Akranes um breytingar á kjarasamningi ASÍ og SA (áður VSÍ) frá 1995 um lífeyrismál

Eftirfarandi tillögur hafa borist frá stjórn og trúnaðarráði Verkalýðsfélags Akraness.

Ársfundur Alþýðusambands Íslands haldinn á Hótel Nordica dagana 22. til 23. október samþykkir að miðstjórn ASÍ hefji strax vinnu við endurskoðun á samningi Alþýðusambands Íslands og Vinnuveitendasambands Íslands um lífeyrismál sem undirritaður var 12. desember 1995 eins og 16. grein samningsins heimilar.

Ársfundur Alþýðusambands Íslands samþykkir að fela miðstjórn ASÍ umboð samkvæmt 16. grein samningsins til að gera þær breytingar á samningnum sem tryggi að launafólk yfirtaki stjórnun lífeyrissjóða innan ASÍ. Jafnframt samþykkir ársfundurinn að unnið verði að breytingum á reglugerðum sjóðanna þannig að sjóðsfélagar kjósi stjórnarmenn beinni kosningu.

Fyrir liggur að tillögurnar eru rétt fram bornar sbr. 25. gr. laga ASÍ, en samkvæmt þessari grein ber miðstjórn að gefa umsögn um þær.

Lagt er til að fjallað verði um þessar tillögur Verkalýðsfélags Akraness með eftirtöldum hætti:

- a) Tillögurnar verði kynntar undir liðnum „Önnur mál“ á ársfundinum.
- b) Að lokinni kynningu og 1. umræðu verði tillögunum vísað til frekari umfjöllunar í málstofu um Efnahags- og kjaramál.

Miðstjórn leggur til að fyrri tillaga VLFA verði samþykkt og henni falið að standa fyrir víðtækri og almennri umræðu meðal aðildarsamtaka sinna um endurskoðun á kjarasamningi ASÍ og SA um lífeyrismál á grundvelli umboðs miðstjórnar í samræmi við 16. gr. samningsins. Markmið slíkrar umræðu verði að leggja drög að endurskoðaðri stefnu ASÍ í lífeyrismálum og skilgreiningu á helstu samningsmarkmiðum samtakanna í viðræðum við Samtök atvinnulífsins. Skal þeirri vinnu vera lokið eigi síðar en 31. mars 2010.

Miðstjórn leggur jafnframt til að síðari tillaga VLFA verði til umfjöllunar í þeirri endurskoðun sem fara mun fram um endurskoðun á stefnu ASÍ í lífeyrismálum, en telur ekki ástæðu til þess að gefa sér fyrirfram neina niðurstöðu í þeirri vinnu.